

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag, Stekkatún 1-5 í landi Efri-Reykja.*  
Deiliskipulagið nær til 5 misstórra lóða, númeraðar Stekkatún 1-5, sem standa á um 13,07 ha landi úr landi Efri-Reykja. Á lóðum nr. 2, 3 og 4 er heimilt að byggja á hverri lóð eitt frístundahús allt að 130 m<sup>2</sup> og gestahús allt að 40 m<sup>2</sup>. Á lóðum nr. 1 og 5 er heimilt að byggja íbúðarhús allt að 150 m<sup>2</sup>, bílskúr allt að 50 m<sup>2</sup> og gestahús allt að 40 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2017.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Brattholt 6, Brattholt í Biskupstungum.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 6.000 m<sup>2</sup> lóð undir íbúðarhús (Brattholt 6) þar sem heimilt er að reisa tvö allt að 100 m<sup>2</sup> starfsmannahús og um 100 m<sup>2</sup> gróðurhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2017.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 24. janúar 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2017